

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 27.6.2024
UST202401-241/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmælingar á lýsis- og olíugeymum - Olíudreifing ehf., Grímsey, geymir nr. 2 (T2001).

Umhverfisstofnun bárust þann 19. júní sl. þykktarmælingar á einum geymi Olíudreifingar ehf., Grímsey. Geymirinn hefur fastanúmerið T2001 og eigendanúmerið 611.02.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila, við höfnina, Grímsey. Geymirinn er liggjandi stálgeymir, smíðaður árið 2004.

Þykktarmælingar framkvæmdi Andre Sandö hjá HB tækniþjónustu ehf., þann 24. maí 2024. Fram kemur í skýrslunni að þykktarmælir, gel, málband/ UT meter gel og meas. tape hafi verið notað til mælingarinnar. Var belgur geymis mældur ásamt endalokum.

Fram kemur í skýrslu nr. TM-241651-T2001-24-MAY-2024 frá HB tækniþjónustu ehf., að geymirinn sé málaður að utan og líti vel út. Fram kemur að blettir í gólfi mælist frá 0,5-2,0 mm að dýpt á u.þ.b. 400 mm breiðu svæði eftir endilöngum geymi. Engar tæringar er að finna í suðum geymisins á sömu svæðum. Fram kemur að efnisþykkt sé þó alsstaðar að lágmarki 7,0 mm í hliðum geymisins og 8,4 mm í belgnum. Fram kemur að lögnin neðan að bryggju (lestunarlögn) sé farin að láta verulega á sjá og mælist um 2,3 mm að þykkt. Skv. tölvupósti frá rekstraraðila hefur þetta verið skráð og verkbeiðni útbúin vegna viðgerðar. Verður farið í viðgerð á komandi vikum.

Meðfylgjandi er skýrsla HB tækniþjónustu ehf., um þykktarmælingar geymisins.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Óskað er eftir því að rekstraraðili staðfesti viðgerð á lestunarlögn með skýrslu að viðgerð lokinni. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri